

Brunamálastofnun

Ársskýrsla 2002



Brunamálastofnun

Ársskýrsla 2002, gefin út í júlí 2003

Ábyrgðarmaður: Björn Karlsson

Umsjón og texti: Garðar Guðjónsson

Hönnun kápu: Mátturinn og dýrðin

Umbrot og prentun: Gutenberg

Ársskýrsla 2002 – efnisyfirlit

Tilgangur og hlutverk	4	Slökkviliðin	11
Tilgangur	4	Víða stefnt að samvinnu eða sameiningu	11
Hlutverk	4	Þrjátíu lið undirbúa samvinnu	11
Leiðarljós	4	Styrkir til kaupa á búnaði	11
Helstu verkefni samkvæmt lögum	4	Slökkviliðin í landinu	12
Inngangur	5	Þrjár nýr dælubílar teknir í notkun	14
Skipulag og innra starf	6	Bedfordarnir týna tölunni	15
Skipulag Brunamálastofnunar	6	Fræðsla, þjálfun og kynning	16
Brunamálaráð	6	Nýjungar í starfi Brunamálaskólans	16
Skipurit	6	Nýr skólastjóri	16
Samstarfsaðilar	6	Skólaráð	16
Innra starfið í gagngerrí endurskoðun	7	Farskólinn	16
Nýtt húsnæði – nýtt útlit	7	Fræðslusjóður brunamála	17
Verkefni	8	Ráðstefna slökkviliðsstjóra	17
Tveir mikilvægir gagnagrunnar teknir í notkun	8	Úr dagbók slökkviliðsins	17
Brunavarnaáætlanir	8	Brunatjón 2002	18
Menntun og rannsóknir	8	Eigna- og manntjón yfir meðaltali	18
Leiðbeiningablöð og reglugerðir	8	Mest eignatjón í Fákafensbrunum	18
Lagnakerfamiðstöð Íslands	9	Skýrslur um eldsvoða og brunatjón	19
Hönnunareftirlit og brunavarnaúttektir	9	The Iceland Fire Authority – Annual Report 2002	20
Um úttektir Brunamálastofnunar	9	Ársreikningur 2002	22
Grunnskólar	10		
Hótel	10		

Tilgangur

Brunamálastofnun er þekkingar-, samræmingar-, eftirlits- og stjórnsýsluaðili sem vinnur með og fyrir stjórnvöld, slökkvilið, almenning og aðra hagsmunaaðila að ráðgjöf, eftirliti og umbótum á sviði brunavarna. Þá er stofnunin í fyrirsvari fyrir Íslands hönd í erlendu samstarfi á sviði brunavarna.

Brunavarnir lúta að lífi, heilsu, umhverfi og eignum og eru þannig mikilvægur öryggisþáttur sem á þátt í mótun búsetu-skilyrða og hefur meðal annars áhrif á jafnvægi byggðar í landinu.

Brunamálastofnun leitast við að auka og beita til fullnustu þekkingu og reynslu starfsmanna stofnunarinnar í þágu brunavarna á Íslandi.

Brunamálastofnun er hlekkur í velferðarkerfi íslensks samfélags og nýtir stofnunin þá fjármuni sem henni er falið að ráðstafa til forvarna og hagsbóta fyrir hagsmunaaðila.

Hlutverk

Líf – Brunamálastofnun gegnir lykilhlutverki við umbætur á sviði brunavarna og gegnir að lögum frumkvæðishlutverki við samræmingu þeirra krafta sem að brunavörnum starfa.

Heilsa – Stofnunin gegnir forvarnahlutverki gagnvart almenningi. Hún stundar öflugt forvarnastarf með það að leiðarljósi að draga úr tíðni bruna, tjónatíðni og alvarleika tjóna og draga þannig úr líkum á heilsutjóni.

Umhverfi – Brunamálastofnun gegnir stjórnsýsluhlutverki við öflun og miðlun þekkingar á sviði viðbragða við mengunaróhöppum á landi. Í því felst að hafa yfirumsjón með setningu reglna, leiðbeininga og samræmingu vinnubragða þannig að slökkvilið bregðist á virkan hátt við mengunaróhöppum.

Eignir – Verðmæti eigna í samfélaginu eykst árlega og Brunamálastofnun gegnir stóru hlutverki í þeirri keðju sem ver eignir landsmanna fyrir tjóni. Verðmæti og gæði íbúðarhúsnæðis hafa aukist en mikil verðmætaaukning felst í sífellt flóknara atvinnuhúsnæði þar sem mikilvæg framleiðslutæki og atvinna manna eru í húfi.

Leiðarljós

Að sinna þekkingar-, samræmingar-, eftirlits- og stjórnsýsluhlutverki sínu gagnvart stjórnvöldum, slökkviliðum, byggingar-

iðnaði, almenningi og öðrum hagsmunaaðilum þannig að líf, heilsa, umhverfi og eignir séu varin.

Að styðja aðra aðila í samfélaginu við framkvæmd laga og reglugerða sem lúta að brunavörnum.

Að sjá til þess að á hverjum tíma sé til þekking og reynsla hjá stofnuninni sem nýtist til ráðgjafar á sviði brunavarna og til kennslu og þjálfunar slökkviliðsmanna.

Að mæta með fullnægjandi hætti öllum eðlilegum kröfum um góða stjórnsýslu og rétta framkvæmd verkefna stofnunarinnar á sviði brunavarna.

Helstu verkefni samkvæmt lögum um brunavarnir

Brunamálastofnun hefur margþættu hlutverki að gegna samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000. Helstu verkefni stofnunarinnar samkvæmt 5. grein laganna eru að:

- hafa eftirlit með framkvæmd laganna og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim,
- hafa yfirumsjón með eldvarnaeftirliti og slökkvistarfi sveitarfélaga til að tryggja samræmt eftirlit og virkt slökkvistarf,
- sjá um kynningar- og fræðslustarf fyrir almenning og slökkvilið og þá sem vinna við brunahönnun mannvirkja,
- vera byggingaryfirvöldum til ráðgjafar um eldvarnir mannvirkja og brunaöryggi vöru,
- samþykkja þjónustu- og eftirlitsaðila brunavarna og brunavarnaáætlanir sveitarfélaga,
- yfirfara brunahönnun nýbygginga, viðbóta og breytinga á mannvirkjum sem slökkviliðsstjóri eða byggingarfulltrúi vísa til stofnunarinnar,
- fylgjast með og eftir atvikum stunda sjálfstæðar rannsóknir á sviði brunavarna og semja árlega skýrslu um orsakir og afleiðingar eldsvoða,
- fylgjast með framförum og nýjungum á sviði brunavarna og gera tillögur til ráðuneytisins um breytingar á reglum eftir því sem tilefni gefst til.

Brunamálastofnun ber jafnframt að vinna að samræmingu brunavarna í landinu og stuðla að samvinnu þeirra sem starfa að brunavörnum. Stofnunin skal með sjálfstæðum athugunum og úttektum leiðbeina sveitarstjórnnum um kröfur sem gerðar eru til eldvarnaeftirlits og slökkviliða.

Bregðast þarf við breyttum aðstæðum



Miklar breytingar hafa nýverið orðið í starfsumhverfi Brunamálastofnunar og má þar nefna nýja lagasetningu árið 2001, auknar kröfur um skilvirkni í ríkisrekstri og breytingar í rekstri sveitarfélaga. Þessar breytingar hafa mikil áhrif á starfsemi stofnunarinnar.

Í lögum um brunavarnir sem gengu í gildi 2001 eru gerðar auknar kröfur á hendur sveitarfélögum, slökkviliðsstjórum og slökkviliðum um öryggi þegnanna, atvinnulífsins og umhverfisins. Í

framhaldi af gildistöku laganna voru jafnframt gefnar út reglugerðir og leiðbeiningar þar sem kröfurnar voru útfærðar nánar. Helstu ástæður þessara auknu krafa um öryggi eru þær að þjóðfélagið er orðið mun viðkvæmara fyrir skaða en áður hefur verið.

Stækkun sveitarfélaga – sameining slökkviliða

Mestan hluta 20. aldarinnar voru sveitarfélög á Íslandi rétt rúmlega 200 að tölu. En frá árinu 1990 til ársins 2003 hefur sveitarfélögum fækkað úr 204 í 104, eða um næstum helming. Á 12. landsþingi Sambands Íslenskra sveitarfélaga haustið 2002 var mörkuð stefna um að sambandið skyldi vinna að því að sveitarfélög stækki með frjálsri sameiningu, m.a. til að tryggja sjálfsforræði byggðarlaga, gera stjórnýslu markvissari og tryggja gæði þjónustu. Þannig má gera ráð fyrir fækkun sveitarfélaga og þar með aukinni samvinnu eða sameiningu slökkviliða á næstu árum.

Á Íslandi starfa 61 slökkvilið. Tvö þessara liða eru mjög stór atvinnulið, Slökkvilið Keflavíkurflugvallar og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins. Tvö minni atvinnumannaslökkvilið eru starfandi en önnur slökkvilið eru að mestu skipuð hlutastarfandi slökkviliðsmönnum. Ljóst er að starfsskilyrði og þarfir slökkviliða á Íslandi eru ákaflega mismunandi. Brunamálastofnun og Brunamálastofnunin verða því að veita mjög misleitum markhópi þjónustu sína.

Brunamálastofnun hefur veitt 11 aðilum (rúmlega 30 sveitarfélögum eða brunavarnasamlögum) styrki vegna skýrslugerðar um fyrirhugaða samvinnu slökkviliða. Sem dæmi má nefna slökkviliðin í Snæfellsbæ, Grundarfirði og Stykkishólmi, sem ákveðið hafa að vinna saman vegna búnaðar sem þarf til mengunarslysaviðbragðs, hyggjast hafa samvinnu um eldvarnaeftirlit, æfingar og margt fleira og eru nú að vinna skýrslu þar sem slík samvinna er skipulögð.

Nám slökkviliðsmanna

Ný lög um brunavarnir gerðu það að verkum að ýmsum nýjum verkefnum var hleypt af stokkunum. Má þar nefna nýja reglugerð um Brunamálastofnun og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna, sem gekk í gildi í október 2001. Skyldubundið nám slökkviliðsmanna jókst við gildistöku reglugerðarinnar, en þó sérstaklega nám atvinnuslökkviliðsmanna, sem aukist hefur um helming. Á árinu 2002 var unnið mikið starf við að þróa nýja námsvísa, nýtt lestrarefni og nýtt kennslufni vegna þessara breytinga. Í byrjun

árs 2003 hófst svo hið nýja nám hlutastarfandi slökkviliðsmanna samkvæmt nýjum námsvísium og kennslufni.

Nám atvinnuslökkviliðsmanna skiptist í fornám (tvær vikur), atvinnuslökkviliðsmaður (þrjú mánuðir) og stjórnandi (þrjú vikur). Búið er að þróa nýtt náms- og kennslufni fyrir námskeiðið atvinnuslökkviliðsmaður. Nemendur á slíkum námskeiðum eru fyrst og fremst starfsmenn hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, Slökkviliði Akureyrar og Brunavörnum Suðurnesja.

Innra starf

Vegna aukinna krafna stjórnvalda um skilvirkni og hagkvæmni í ríkisrekstri og vegna margvíslegra nýjunga í slíkum rekstri hefur verið lögð áhersla á innra starf stofnunarinnar. Síðastliðið ár lögðu starfsmenn mikla vinnu í að móta stefnu Brunamálastofnunar 2002 til 2007 og er sú stefnumótun nú til umsagnar í umhverfisráðuneytinu. Starfsmannastefna var sett fram. Það sem af er þessu ári hefur mikil vinna verið lögð í endurskoðun innra starfsins. Undirritaður telur mjög mikilvægt að unnið sé markvissat að þessum innri málum, bæði vegna mögulegra aukinna verkefna stofnunarinnar og eins vegna aukinna krafna stjórnvalda um skilvirkni.

Nýir gagnagrunnar

Unnið hefur verið að gerð ýmissa miðlægra gagnagrunna til að nýta framfarir í upplýsingatækni. Má þar nefna útkallsskýrslur slökkviliða, þar sem starfsmenn slökkviliðanna geta fyllt út slíkar skýrslur beint á netinu og vistað þær miðlægt. Gagnagrunnurinn er nú kominn í fulla notkun. Til dæmis hefur Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins skráð öll útköll í grunninn síðan í ársbyrjun 2003. Tekinn hefur verið í notkun gagnagrunnur fyrir boðunarkerfi viðbragðsaðila, sem gerir auðveldara að hafa nýjustu upplýsingar handhægar og býður upp á marga möguleika hvað varðar boðunarætlanir slökkviliða landsins. Einnig má nefna að hafin er vinna við miðlægan gagnagrunn vegna eldvarnaeftirlits, sem mun gera eldvarnaeftirlitsskýrslur og forvarnastarf á byggingasviði einsleitnara og markvissara á landsvísi. Slíkir gagnagrunnar munu gerbreyta verklagsreglum Brunamálastofnunar hvað þessi verkefni varðar.

Endurskoðun byggingarlaga

Stjórn byggingamála er nú á margra höndum í stjórnýslunni og hefur umhverfisráðherra falið nefnd um endurskoðun laga um byggingarmál að athuga hvernig hægt væri að endurskipuleggja málaflokkinn og gera stjórnýslu innan hans skilvirkari. Samtímis má segja að Brunamálastofnun sé frekar fámenn ríkisstofnun og talið er að aukin hagkvæmni í rekstri geti tekist með því að stækka stofnunina og fela henni aukin verkefni. Brunamálastofnun hefur hingað til séð um þó nokkuð stóran hluta byggingamála, enda má segja að um fjórðungur byggingaeglugerðar fjalli um brunamál. Því hafa verið uppi mjög ákveðnar tillögur um að Brunamálastofnun taki byggingamálin að sér og verði Byggingastofnun. Engin niðurstaða liggur fyrir um þetta en það er skoðun undirritaðs að það myndi verða skynsamleg ráðstöfun.

Dr. Björn Karlsson
brunamálastjóri

Skipulag Brunamálastofnunar

Brunamálastofnun starfar samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000 sem tóku gildi 1. janúar 2001. Samkvæmt þeim fer umhverfisráðherra með yfirstjórn brunamála en Brunamálastofnun er ráðherra til aðstoðar og hefur margþættu hlutverki að gegna samkvæmt lögnum.

Ráðherra skipar brunamálastjóra til fimm ára. Hann fer með daglega stjórn og rekstur stofnunarinnar og ræður starfsfólk hennar. Hann er ábyrgur fyrir rekstrinum gagnvart ráðherra. Dr. Björn Karlsson var skipaður í stöðu brunamálastjóra frá 1. janúar 2001. Fastráðnir starfsmenn Brunamálastofnunar voru 11 talsins 31. desember 2002 en auk þess kaupir stofnunin þjónustu sérfræðinga vegna einstakra verkefna.

Brunamálaráð

Umhverfisráðherra skipar brunamálaráð til fjögurra ára í senn. Brunamálaráð er Brunamálastofnun til faglegrar ráðgjafar og skal ráðherra leita álits ráðsins um lagabreytingar og stefnumarkandi reglugerðir samkvæmt lögnum. Brunamálastjóri situr fundi ráðsins og yfirverkfræðingur stofnunarinnar er ritari þess. Brunamálaráð var þannig skipað á síðasta ári:

Drífa Sigfúsdóttir formaður, skipuð af ráðherra

Helgi Ívarsson, tilnefndur af Brunatæknifélagi Íslands

Sigmar Ármannsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra tryggingafélaga

Gestur Pétursson, tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins

Inga Hersteinsdóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Tómas Búi Böðvarsson, tilnefndur af Félagi slökkviliðsstjóra

Guðmundur Vignir Óskarsson, tilnefndur af Landsambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna

Ráðið kom fjórum sinnum saman á síðasta ári. Auk ofangreindra verkefna ráðsins má nefna að það veitir umsögn um úthlutanir styrkja úr Fræðslusjóði brunamála.




Brunamálaráð, talið frá vinstri: Tómas Búi, Guðmundur Vignir, Björn, Drífa, Helgi, Inga og Sigmar. Á myndina vantar Gest Pétursson.

Samstarfsaðilar

Til þess að ná markmiðum sínum hefur Brunamálastofnun náð samstarf við fjölda aðila sem fjalla um brunavarnir og byggingamál á Norðurlöndunum og ýmsa fagaðila í Bandaríkjunum, Bretlandi og víðar. Helstu samstarfsaðilar innanlands eru:

- Umhverfisráðuneytið
- Umhverfisstofnun
- Vinnueftirlitið
- Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna
- Félag slökkviliðsstjóra
- Slökkviliðin
- Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands
- Verkfræðingar, arkitekta og hönnuðir
- Samband íslenskra sveitarfélaga
- Tryggingafélögin
- Ríkislögreglustjóri
- Flugmálastjórn





Nýjar höfuðstöðvar Brunamálastofnunar við Skúlagötu 21 í Reykjavík.

Brunamálastofnun tekur þátt í samstarfsvettvangi Norðurlandanna um tæknilegar prófanir, Nordtest. Guðmundur Gunnarsson yfirverkfræðingur er formaður sérfræðinefndar um brunamál á vegum Nordtest. Nefndin fjallar um umsóknir til rannsóknaverkefna á sviði brunamála og gerir tillögu til stjórnar Nordtest um úthlutun styrkja. Guðmundur er einnig fulltrúi Brunamálastofnunar í samstarfsvettvangi Norðurlandanna um sprengihættuafni, Nordex. Á árinu 2002 var dr. Björn Karlsson kosinn í stjórn Alþjóðlega brunavísindafélagsins (International Association for Fire Safety Science) og jafnframt gerður að formanni menntunarnefndar félagsins.

Brunamálastofnun hefur einnig samstarf við fjölmarga aðila á Norðurlöndum, í Bandaríkjunum og á vettvangi Evrópusambandsins. Um er að ræða systurstofnanir og byggingastofnanir, brunamálaskóla, rannsóknastofnanir og fagfélög.

Innra starfið í gagngerri endurskoðun

Mikil vinna hefur verið lögð í endurskoðun innra starfs Brunamálastofnunar á undanförunum misserum og er endurskoðun þess nú komin vel á veg. Endurskoðunin nær til margra þátta í innra starfi stofnunarinnar; stefnu, starfsmannastefnu, jafnréttisáætlunar, gerð starfsmannahandbókar, stofnun starfsmannafélags, vinnslu ferlagreininga, starfslýsinga og fleira. Á fyrri hluta ársins var unnið að mótun stefnu stofnunarinnar 2002-2007 með þátttöku allra starfsmanna. Stefnan er nú til umsagnar hjá umhverfissráðuneytinu og er gert ráð fyrir að hún verði endurskoðuð síðar á þessu ári. Meginatriði hennar voru mótuð á grundvelli greiningarvinnu starfsmanna en drög voru síðan útfærð af starfsmönnum PwC Consulting í samvinnu við stjórnendur stofnunarinnar. Lokaútgáfan er 17 síðna skjal sem skiptist í eftirfarandi kafla:

- Samantekt (yfirlit yfir helstu þætti stefnumótunarinnar).
- Hlutverk (tilgangur, hlutverk og helstu verkefni stofnunarinnar eru skilgreind og leiðir til að ná markmiðum settar fram).
- Leiðarljós og framtíðarsýn (rætt er um framtíðarsýn hvað snertir helstu verkefni og stjórnskipulag stofnunarinnar er sett fram).

- Áherslur gagnvart hagsmunaaðilum (erlendir og innlendir hagsmunaaðilar í málaflokknum og helstu viðskiptavinir stofnunarinnar eru nefndir og tengsl þeirra við stofnunina rædd).
- Stefnumótandi þættir innri málaflokka (rætt er um markmið og leiðir hvað varðar húsnæði, fjármál, starfsmenn, þjónustu og gæða-, ferla- og verklagsmál).

Í tengslum við vinnu að mótun stefnu stofnunarinnar voru helstu atriði starfsmannastefnu rædd. Í framhaldinu hefur orðið til starfsmannastefna þar sem helstu markmið í starfsmannamálum eru nefnd og leiðir til að ná markmiðunum eru ræddar. Starfsmannastefnan og allt innra starf stofnunarinnar er áfram til umræðu árið 2003.

Nýtt húsnæði – nýtt útlit

Um síðustu áramót flutti Brunamálastofnun í nýtt og mun hentugra húsnæði að Skúlagötu 21 í Reykjavík. Jafnframt tók stofnunin í notkun ný síma- og faxnúmer. Nýja símanúmerið er 591 6000 en faxnúmerið er 591 6001. Netföng stofnunarinnar og starfsmanna hennar breyttust ekki við flutninginn en starfsmenn fengu ný farsímanúmer. Stofnunin er sem fyrr opin virka daga kl. 8-16.

Hið nýja húsnæði stofnunarinnar við Skúlagötu er nokkru stærra en húsnæðið við Laugaveg 59 þar sem stofnunin var áður til húsa í 17 ár. Aðstaða er jafnframt mun betri á nýja staðnum. Starfsmenn hafa þar aðgang að rúmgóðum fundarsal og góðri aðstöðu til kennslu. Flutningurinn gerir stofnuninni ennfremur kleift að setja bókasafn sitt upp þannig að það nýtist gestum og starfsmönnum mun betur en fyrr. Loks má nefna að húsbúnaður og húsgögn voru öll endurnýjuð enda höfðu gömlu húsgögnin þjónað stofnuninni í 17 ár eða lengur.

Í tengslum við þessi umskipti var á síðasta ári unnið að því að endurnýja merki og útlit kynningargagna stofnunarinnar í samvinnu við Garðar Guðjónsson kynningarráðgjafa. Þar er meðal annars átt við útlit prentaðra og rafrænna gagna, svo sem skýrslna, heimasíðu og fleira. Um leið og flutt var í nýtt húsnæði tók stofnunin í notkun nýtt bréfefni, umslög og þess háttar.

Tveir mikilvægir gagnagrunnar teknir í notkun

Gerð gagnagrunns fyrir rafrænar útkallsskýrslur slökkviliða lauk á síðasta ári og hafa nokkur slökkvilið nú tekið gagnagrunninn að fullu í notkun. Gefin var út handbók um notkun grunnins vorið 2002 og grunnurinn var kynntur sérstaklega á ráðstefnu Brunamálastofnunar fyrir slökkviliðsstjóra sem haldin var í maí.

Um er að ræða samræmdan gagnagrunn fyrir allt landið. Hvert slökkvilið um sig hefur aðgang að eigin útkallsskýrslum en Brunamálastofnun hefur aðgang að grunninum öllum. Grunnurinn mun nýtast vel við úrvinnslu ýmissa tölfraðilegra upplýsinga, jafnt fyrir einstök slökkvilið sem landið allt. Verkfræðistofan Hnit annaðist gerð gagnagrunnsins í samráði við starfsmenn Brunamálastofnunar og SHS en grunnurinn var gerður að sænskri fyrirmynd.

Skráning upplýsinga nær til hvers kyns útkalla, hvort sem er vegna elds, slysa eða mengunaróhappa. Í skýrslu um eldsútkall er meðal annars fjallað um útkallsstyrk og aðgerðir slökkviliðs, upphaf elds og orsök, útbreiðsluhættu og fleira.

Ef útkall berst frá Neyðarlínunni myndast sjálfkrafa ný útkallsskýrsla þar sem skráðar eru grunnupplýsingar, meðal annars um eldstað og fleira. Þegar útkalli er lokið finnur stjórnandi skýrsluna á heimasíðu Brunamálastofnunar og fullgerir skýrsluna.

Lokið var við gerð annars mikilvægs gagnagrunns sem mun styrkja starfsemi slökkviliðanna í landinu og annarra viðbragðsaðila. Um er að ræða miðlægan gagnagrunn fyrir boðunarkerfi viðbragðsaðila. Unnið var að gerð hans í samvinnu Brunamálastofnunar, samgönguráðuneytisins, Flugmálastjórnar, Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Neyðarlínunnar, lögreglunnar, Almannavarna ríkisins og fleiri. Gagnagrunnurinn mun geyma boðunarkerfi þessara aðila og forsvarsmenn hvernar einingar geta breytt boðunarkerfi sínu í grunninum. Neyðarlínan hefur umsjón með gagnagrunninum og mun ávallt hafa aðgang að uppfærðum upplýsingum um hverja ber að kalla út hverju sinni.

Ennfremur var lokið við þarfagreiningu vegna gagnagrunns fyrir eldvarnaeftirlit í landinu og stendur nú yfir athugun á kostnaði við gerð grunnins.



Brunavarnaáætlanir

Leiðbeiningar um gerð brunavarnaáætlaða sveitarfélaga voru gefnar út 2001 og á síðasta ári var víða unnið að gerð slíkra áætlaða enda var gert ráð fyrir að þeim yrði skilað til Brunamálastofnunar fyrir lok árs 2002. Fjöldmargar slíkar áætlanir eru nú til umsagnar hjá Brunamálastofnun og er gert ráð fyrir að brunavarnaáætlanir fyrir landið allt liggi fyrir á árinu 2003.

Í brunavarnaáætlun er ætlast til þess að sveitarfélögin skilgreini þá þjónustu sem þau hyggjast veita á þessu sviði. Gerðar eru kröfur um ákveðinn lágmarks viðbúnað en allt umfram hann er á valdi sveitarfélaganna. Þannig geta þau ákveðið að annast ákveðna þætti í brunavörnum en þau geta einnig ákveðið að hafa samstarf um ákveðna þætti í þjónustunni og skipta með sér verkum. Markmiðið með gerð brunavarnaáætlaða er að auðvelda skipulag og gera starf slökkviliðanna gagnsærra fyrir almenning. Brunavarnaáætlun á að auðvelda almenningi að kynna sér skipulag og markmið slökkviliðsins í viðkomandi sveitarfélagi.

Menntun og rannsóknir

Brunamálastofnun fékk á síðasta ári styrk frá Evrópusambandinu til þess að vinna að rannsókn vegna hættu sem slökkviliðsmönnum stafar af eldi í lokuðu rými. Styrkurinn nemur um 17 milljónum króna og er honum meðal annars varið til þess að ráða erlendan doktorsnema, Ales Jug, til þess að vinna að rannsókninni í samvinnu við Háskóla Íslands. Hluti af verkefni Jugs verður að starfa á einni virtustu rannsóknastofnun Bandaríkjanna (National Institute of Standards and Technology) og aðstoða þar við rannsóknir á atburðinum í tvíburaturnunum í New York 11. september 2001. Leiðbeinendur Jugs í verkefninu eru dr. Björn Karlsson brunamálastjóri og Jónas Elíasson, prófessor við Háskóla Íslands.

Af öðrum rannsóknum sem Brunamálastofnun hefur komið að má nefna að tveir nemar í áhættuverkfræði við háskólann í Lundi í Svíþjóð luku við mastersverkefni um slysa vegna olíuflutninga á Suðurlandsvegi við vatnsverndarsvæði Reykjavíkurborgar og gáfu út skýrslu um það. Brunamálastjóri var leiðbeinandi þeirra í verkefninu. Hann var einnig leiðbeinandi Guðna Pálssonar byggingaverkfræðings vegna mastersverkefnis hans við háskólann í Lundi um áhættumat í Hvalfjarðargöngunum. Verkefnið hófst á síðasta ári og er gert ráð fyrir að því ljúki árið 2003.

Brunamálastofnun heldur árlega námskeið um brunavarnir og byggingatæknifræði við Tækniháskóla Íslands. Fjöldi námskeiða er haldinn á hverju ári um viðvörðunarkerfi í samvinnu við Rafiðnaðarskólann og um úðakerfi, brunapéttingar og brunavarnir gamalla húsa í samvinnu við Menntafélag byggingariðnaðarins.

Leiðbeiningablöð og reglugerðir

Brunamálastofnun gaf út þrjú ný leiðbeiningablöð á síðasta ári:

- Leiðbeiningablað nr. 137 um brunavarnir í samkomutjöldum.
- Leiðbeiningablað nr. 168 um reglur um geymslu á ammoníumnítratáburði.
- Leiðbeiningablað nr. 208.2 um opnara á hurðum í flóttaleiðum.



Neyðarlínan hefur umsjón með gagnagrunni fyrir boðunarkerfi viðbragðsaðila.

Unnið var að gerð nýrra reglugerða eins og undanfarin ár en engin ný reglugerð var gefin út á árinu. Starfshópur sem vann að gerð nýrrar reglugerðar um brunahönnun samgöngumannvirkja hefur skilað tillögu til ráðherra. Brunamálastofnun átti fulltrúa í nefnd sem skilað hefur tillögu um tilhögun flutnings hættulegra efna í jarðgöngum. Hafin var vinna við undirbúning að gerð reglugerðar um tækjakost og mannafla slökkviliða þar sem meðal annars verður fjallað um lágmarksbúnað slökkviliða vegna mengunaróhappa á landi. Loks má nefna að unnið hefur verið að undirbúningi reglugerðar um brunahönnun mannvirkja undanfarin misseri.

Lagnakerfamiðstöð Íslands

Brunamálastofnun var meðal stofnaðila að Lagnakerfamiðstöð Íslands með 10,5 milljóna króna stofnframlagi og veitir miðstöðinni árlegan rekstrarstyrk á árunum 2001-2003. Guðmundur Gunnarsson yfirverkfræðingur er fulltrúi stofnunarinnar í stjórn Lagnakerfamiðstöðvarinnar. Aðrir sem standa að miðstöðinni eru Lagnafélag Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Háskóli Íslands, Tækniháskóli Íslands, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Iðntæknistofnun, Samtök iðnaðarins og Samband iðnmenntaskóla.

Lagnakerfamiðstöðin er aðstaða til rannsókna og kennslu á lagnasviðinu og á öllum skólastigum þar sem meðal annars er fjallað um vatnsúðakerfi til brunavarna. Hlutverk stöðvarinnar er að vera samstarfsvettvangur þeirra sem vinna við rannsóknir og fræðslu í lagnaiðnaði og leggja til húsnæði, tæki og búnað sem notaður verður við fræðslu- og rannsóknarstarfsemi í lagnaiðnaði. Markmið stöðvarinnar er að stuðla að rannsóknum, þróun, stöðlun og tæknilegum umbótum í lagnatækni og samhæfa rannsóknir á lagnakerfum í landinu. Auk þess hefur Lagnakerfamiðstöðin að markmiði að efla kennslu og þjálfun á sviði lagnakerfa í skólum landsins á framhaldsskóla- og háskólastigi og veita aðstöðu fyrir endurmenntun iðnaðarmanna og hönnuða. Nánari upplýsingar um miðstöðina er að finna á www.lafi.is.

Hönnunareftirlit og brunavarnaúttektir

Alls voru 330 mál til meðferðar vegna hönnunareftirlits hjá Brunamálastofnun á síðasta ári. Þar af voru 140 mál nýskráð á árinu. Afgreidd voru 205 mál og af þeim voru 95 nýskráð mál.

Auk þess voru gerðar 35 skýrslur eða bréf varðandi byggingar og stofnunin aðstoðaði slökkviliðsstjóra við skoðun á um 50 byggingum.

Brunamálastofnun hefur skoðað byggingar kerfisbundið og skráð upplýsingar um þær í gagnagrunn allt frá árinu 1987. Frá 1996 hafa einstakir flokkar bygginga verið skoðaðir og var þeirri vinnu haldið áfram í fyrra. Skoðuð voru hótél og grunnskólar og gerðar 60 skýrslur um ástand brunavarna í viðkomandi byggingum víða um land.

Við þessar skoðanir er stuðst við eftirfarandi einkunnagjöf:

- **Framúrskarandi:** Brunavarnir eru í fullkomnu lagi og umfram kröfur í byggingareglugerð.
- **Ágætt:** Brunavarnir standast kröfur reglugerðar.
- **Sæmillegt:** Í lagi í aðalatriðum þótt sitthvað sé aðfinnsluvert.
- **Slæmt:** Stenst ekki kröfur og þarfnast úrbóta þótt ekki sé um bráða hættu að ræða.
- **Óviðunandi:** Bráð hættu og þarfnast tafarlausa úrbóta.

Um úttektir Brunamálastofnunar

Hlutfallstölurnar sem nefndar eru hér að neðan um almennt ástand brunavarna í grunnskólum og hótélum ber að skoða í ljósi nokkurra skýringa. Tilgangur úttekta Brunamálastofnunar er fyrst og fremst að fylgjast með þróun mála milli ára og það kerfi sem notað er til einkunnagjafar verður að vera einfalt og byggja á gildandi byggingareglugerð.

Hins vegar starfa eldvarnaeftirlit sveitarfélaganna í mun flóknara umhverfi þar sem oft verður að taka tillit til eldri húsa sem byggð eru samkvæmt eldri byggingareglugerðum. Jafnframt fer eldvarnaeftirlit ósjaldan fram á að eigandi húsnæðis geri langtímaáætlun um bættar brunavarnir eða sam-

þykkir hönnun þar sem vissum tæknilausnum hefur verið beitt þótt ljóst sé að byggingin uppfylli strangt til tekið ekki öll ákvæði gildandi byggingareglugerðar.


Tilgangur skoðana Brunamálastofnunar er fyrst og fremst að fylgjast með þróun milli ára og bera saman brunavarnir í ýmsum flokkum bygginga, auk þess að tryggja samræmt eldvarnaeftirlit á landinu öllu. Þegar niðurstaða Brunamálastofnunar er sú að ástand brunavarna sé slæmt eða óviðunandi sendir stofnunin skýrslu um úttektina til slökkviliðsstjóra og sveitarstjórnar í viðkomandi sveitarfélagi.

Grunnskólar

Gerðar voru alls 32 skýrslur um brunavarnir grunnskóla víða um land á tímabilinu febrúar til maí 2002. Stofnunin hefur auk þess í gagnagrunni sínum skýrslur um 203 grunnskóla sem hún hefur skoðað á liðnum árum.

Úttekt á ástandi brunavarna grunnskóla lauk í maí 2002. Þegar litið er almennt á ástand brunavarna grunnskóla er ástand þeirra nokkuð frá því að vera viðunandi. Algengt var að byggingar fengu einkunnina slæmt þar sem vissir þættir brunavarna voru ekki í lagi en í flestum tilfellum ætti að vera auðvelt að lagfæra þau atriði svo ástandið geti talist ágætt eða sæmilegt. Niðurstaðan var þessi:

	Fjöldi	%
Framúrskarandi	0	0%
Ágætt	3	10
Sæmilegt	12	39
Slæmt	15	48
Óviðunandi.....	1	3



Ef litið er á hvernig ástand grunnskóla var við skoðanir 1993 til 1998 í samanburði við ástandið 2002, þá hefur ástand grunnskóla batnað eilítið. Á árunum 1993 til 1998 skoðaði Brunamálastofnun 203 grunnskóla. Ástand brunavarna á þessum tíma var eftirfarandi:

	Fjöldi	%
Framúrskarandi	0	0
Ágætt	16	8
Sæmilegt	72	37
Slæmt	107	54
Óviðunandi.....	2	1


Hótel

Gerðar voru alls 28 skýrslur (skoðaðar byggingar 26 hótela) víða um land á tímabilinu ágúst til desember 2002. Stofnunin hefur í gagnagrunni sínum skýrslur um 312 hótél og gististaði sem hún hefur skoðað á liðnum árum.

Úttekt á ástandi brunavarna hótela lauk í desember 2002. Þegar litið er almennt á ástand brunavarna hótela má segja að ástand þeirra sé nokkuð gott. Nokkrar byggingar fengu einkunnina slæmt þar eð vissir þættir brunavarna voru ekki í lagi en í flestum tilfellum ætti að vera auðvelt að lagfæra þau atriði svo byggingin komist upp í ágætt eða sæmilegt. Niðurstaðan varð þessi:

	Fjöldi	%
Framúrskarandi	0	0
Ágætt	12	43
Sæmilegt	13	46
Slæmt	3	11
Óviðunandi.....	0	0

Niðurstaðan er því sú að 89 prósent hótela geta talist hafa góðar eða viðunandi brunavarnir. Það að 11 prósent hótela sem voru skoðuð hafi fengið einkunnina slæmt getur ekki verið viðunandi og er brýnt að ráðist verði í úrbætur.



Ef bornar eru saman niðurstöður skoðana 1989 til 1996 annars vegar og hins vegar 2002 kemur í ljós að ástand hótela hefur batnað mikið. Í gagnaskrá Brunamálastofnunar fyrir þetta tímabil eru 67 hótél skráð. Ástand brunavarna á þessum tíma var eftirfarandi:

	Fjöldi	%
Framúrskarandi	1	1,5
Ágætt	8	12
Sæmilegt	29	43,5
Slæmt	23	34
Óviðunandi.....	6	9

Þegar litið er á ástand þeirra hótela sem voru skoðuð 2002 og einnig 1996 kemur í ljós að ástand þeirra hefur lagast mikið. Ágætt og sæmilegt var áður 88 prósent en er komið upp í 92 prósent 2002. Slæmt og óviðunandi var áður 12 prósent en er nú komið niður í 8 af hundraði. Ekkert hótél fékk raunar einkunnina óviðunandi.

Víða stefnt að samvinnu eða sameiningu



Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins er eitt fjögurra slökkviliða sem alfarið eru skipuð atvinnumönnum. Starfsmenn liðsins eru hér á vettvangi brunans í Fákafeni í fyrra.

Slökkviliðin í landinu eru nú 60 talsins, auk slökkviliðsins á Keflavíkurflugvelli, og fækkaði þeim um tvö á síðasta ári vegna sameiningar. Hjá slökkviliðunum starfa um 1.600 slökkviliðsmenn en langflestir þeirra eru í hlutastarfi. Fjögur liðanna eru alfarið skipuð atvinnuslökkviliðsmönnum, nokkur lið hafa einn starfsmann eða fleiri í fullu starfi en í mjög mörgum tilvikum hefur slökkviliðsstjóri í hlutastarfi yfir að ráða liði skipaðra slökkviliðsmanna. Starfsskilyrði og þarfir slökkviliðanna eru því afar mismunandi.

Fjöldi sveitarfélaga og brunavarnasamlaga hefur fengið styrki vegna undirbúnings að sameiningu eða samvinnu slökkviliða. Einkum er litið til eldvarnaeftirlits og uppbyggingar búnaðar vegna viðbragða við mengunaróhöppum þegar hugað er að sameiningu eða samvinnu slökkviliða.

Þrjátíu lið undirbúa samvinnu

Í lögum um brunavarnir nr. 75/2000 var slökkviliðunum falin sú skylda að bregðast við mengunaróhöppum á landi. Slökkviliðin voru yfirleitt vanbúin til þess að gegna þessu hlutverki og svo er að miklu leyti enn. Brunamálastofnun hefur því hvatt til samvinnu slökkviliða til þess að þau geti staðið undir starfskyldum sínum að þessu leyti. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum um brunavarnir er stofnuninni heimilt að veita sveitarfélögum styrki til þess að hefja undirbúning að samvinnu eða sameiningu.


Sveitarfélögin hafa tekið hvatningu Brunamálastofnunar vel því á síðasta ári stóðu rúmlega 30 sveitarfélög og brunavarnasamlög að 11 umsóknum um fjárstyrki til að geta hafið viðræður og gera greinargerðir um hugsanlega samvinnu og kostnað vegna sameiginlegs útbúnaðar, meðal annars vegna viðbragða við mengunaróhöppum og sameiginlegs eldvarnaeftirlits. Um er að ræða um helming slökkviliðanna í landinu. Brunamálastofnun veitti þessum aðilum alls ríflega þrjár milljónir króna í upphafi árs 2003. Ljóst er að enn fleiri umsóknir munu berast á þessu ári og er gert ráð fyrir að þær verði afgreiddar árið 2004.

Í hópi slökkviliðanna sem um ræðir eru bæði atvinnumanna-lið og lítil lið með hlutastarfandi mönnum. Um er að ræða lið á Suðurnesjum, Snæfellsnesi, Norðurlandi, austanverðu Norðurlandi og Austurlandi, Suðausturlandi og Suðurlandi.

Styrkir til kaupa á búnaði

Þegar greinargerðir viðkomandi slökkviliða um hugsanlega sameiningu eða samvinnu liggja fyrir geta þau sótt um styrk frá Brunamálastofnun til kaupa á búnaði. Nefnd á vegum Brunamálastofnunar með þátttöku fjölmargra aðila hefur útbúið lista yfir þann lágmarksbúnað sem slökkvilið eru talin þurfa að búa yfir vegna mengunaróhappa á landi. Búast má við að samanlagður kostnaður þeirra aðila, sem þegar hafa hafið undirbúning að samvinnu eða sameiningu, vegna uppbyggingar slíks búnaðar verði um 25 milljónir króna.

Slökkviliðin í landinu



Slökkvilið


(útkallsnúmer innan sviga)

1. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (10201)
2. Slökkvilið Kjósarsýslu (10203)
3. Slökkvilið Akraness (20201)
4. Slökkvilið Grundartanga
5. Brunavarnir Borgarness og nágrennis (30205)
6. Slökkvilið Borgarfjarðardala (30202)
7. Slökkvilið Snæfellsbæjar (40203)
8. Slökkvilið Grundarfjarðar (40202)
9. Slökkvilið Stykkishólms (40201)
10. Slökkvilið Dalabyggðar (50201)
11. Slökkvilið Reykhólahrepps (60202)
12. Brunavarnir Vesturbyggðar (60201)
13. Slökkvilið Tálknafjarðar (60203)
14. Slökkvilið Bolungarvíkur (70201)
15. Slökkvilið Ísafjarðarbæjar (80201)
16. Slökkvilið Súðavíkurbrepps (80205)
17. Slökkvilið Hólmavíkur (90201)
18. Slökkvilið Drangsness, Strandasýslu (90203)
19. Slökkvilið Borðeyrar (90202)
20. Slökkvilið Vestur Húnavatnssýslu (100202)
21. Slökkvilið Austur Húnavatnasýslu (100201)
22. Slökkvilið Skagastrandar (100203)

Slökkviliðsstjóri

Hrólfur Jónsson
 Hermann Ingólfsson
 Jóhannes Karl Engilbertsson
 Helgi Ingólfsson
 Bjarni K. Þorsteinsson
 Pétur Jónsson
 Jón Þór Lúðvíksson
 Guðni Áslaugsson
 Þorbergur Bæringsson
 Jóhannes Hauksson
 Ragnar K. Jóhannsson
 Sigurður Pétur Guðmundsson
 Egill Sigurðsson
 Ólafur Þ. Benediktsson
 Þorbjörn Sveinsson
 Albert Hreiðarsson
 Einar Indriðason
 Trygvi Ólafsson
 Eiríkur Ingvason
 Skúli Guðbjörnsson
 Bragi Árnason
 Þröstur Líndal

23. Brunavarnir Skagafjarðar (110201)
24. Slökkvilið Siglufjarðar (120201)
25. Slökkvilið Ólafsfjarðar (130201)
26. Slökkvilið Dalvíkur (140202)
27. Slökkvilið Akureyrar (140201)
28. Grímseyjar (140205)
29. Slökkvilið Grenivíkur (140204)
30. Slökkvilið Hríseyjar (140203)
31. Slökkvilið Laugum og Stórutjörnum
32. Slökkvilið Húsavíkur (150201)
33. Slökkvilið Mývatns, Reykjahlíð (150208)
34. Slökkvilið Kópaskers (150202)
35. Slökkvilið Raufarhafnar (150203)
36. Slökkvilið Vopnafjarðar, Bakkafjarðar og Þórshafnar (160203)
37. Slökkvilið Borgarfjarðar eystra (160204)
38. Brunavarnir á Héraði (160202)
39. Slökkvilið Seyðisfjarðar (160201)
40. Slökkvilið Mjóafjarðar (180207)
41. Slökkvilið Fjarðarbyggðar (170201)
42. Slökkvilið Fáskrúðsfjarðar (180203)
43. Slökkvilið Stöðvarfjarðar (180204)



Óskar Stefán Óskarsson
 Kristinn Georgsson
 Magnús Sigursteinsson
 Sigurður Jónsson
 Erling Júlíanusson
 Sigurður Bjarnason
 Hafsteinn Sigfússon
 Þorgeir Jónsson
 Friðrik Steingrímsson
 Jón Ásberg Salómonsson
 Þorbergur Ásvaldsson
 Jón Grímsson
 Óskar Óskarsson

Björn Heiðar Sigurbjörnsson
 Björn Skúlason
 Baldur Pálsson
 Ásgeir Magnússon
 Ingólfur Sigfússon
 Þorbergur Hauksson
 Steinn B. Jónasson
 Bjarni Gíslason

44. Slökkvilið Breiðdalsvíkur (180205)
45. Slökkvilið Djúpavogs (180206)
46. Brunavarnir A-Skaftafellssýslu (190201)
47. Slökkvilið Kirkjubæjarklausturs (200202)
48. Slökkviliðið Vík (200201)
49. Slökkvilið Vestmannaeyja (220201)
50. Slökkvilið Búrfellsvirkjunar
51. Slökkvilið Hvolsvallar (210201)
52. Slökkviliðið Flúðum (230204)
53. Brunavarnir Árnassýslu (230208)
54. Slökkvilið Þorlákshafnar (230209)
55. Slökkvilið Hveragerðis (230202)
56. Slökkvilið Grindavíkur (240202)
57. Slökkvilið Sandgerðis (240203)
58. Slökkvilið Keflavíkurlflugvallar (250201)
59. Brunavarnir Suðurnesja (240201)
60. Slökkvilið Alcan í Straumsvík
61. Slökkvilið Flateyjar á Breiðafirði (60204)

Indriði Margeirsson
 Ágúst Bogason
 Steinþór Hafsteinsson
 Hilmar Gunnarsson
 Guðmundur P. Guðgeirsson
 Elías Baldvinsson
 Gunnar Guðmundsson
 Böðvar Bjarnason
 Jóhann Marelsson
 Kristján Einarsson
 Guðni Þór Ágústsson
 Snorri Baldursson
 Ásmundur Jónsson
 Reynir Sveinsson
 Haraldur Stefánsson
 Sigmundur Eypórsson
 Halldór Halldórsson
 Magnús Jónsson



Nýjasti dælubíll Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins var smíðaður hjá MT-bílum á Ólafsfirði.

Þrjár nýir dælubílar teknir í notkun

Slökkviliðin eignuðust eða fengu til afnota 22 bíla til slökkvi-starfa á síðasta ári. Aðeins þrjár þeirra eru þó nýir af nálinni; nýr dælubíll SHS og nýr dælubíll Slökkviliðsins á Tálknafirði, báðir smíðaðir hjá MT-bílum á Ólafsfirði, og nýr Man með Rosenbauer-dælu sem Flugmálastjórn flutti inn til notkunar á Reykjavíkflugvelli. Aðrir bílar ýmist skiptu um eigendur innanlands eða voru fluttir inn notaðir.

Dælubílar

- Höfuðborgarsvæðið: Nýr Scania Vabis 124, 4x4, Ziegler-dæla. Man, árgæð 2001, með Rosenbauer-dælu sem Flugmálastjórn afhenti SHS til nota á Reykjavíkflugvelli.
- Tálknafjörður: Nýr Ford 4x4 F 550, Ziegler-dæla.
- Skagaströnd: Mercedes Benz 1219, árgæð 1979, 4x4, Bachert-dæla.
- Breiðdalsvík: Mercedes Benz 1628, árgæð 1985, 4x4, Bachert-dæla.
- Djúpiþogur: Mercedes Benz 1422, árgæð 1986, Bachert-dæla.

Tankbílar

- Akranes: MAN 19 292, 4x4, árgæð 1991, 10.000 l tankur, Ziegler-dæla.
- Patreksfjörður: MAN 19 343, 4x4, árgæð 1997, 8.000 l tankur, Sigmund-dæla.
- Þingeyri: International Cargo Star, 4x2, árgæð 1980, 9.000 l tankur.
- Hvammstangi: MAN 19 292, 4x4, árgæð 1990, 7.100 l tankur.

- Grenivík: MAN 19 322, 4x4, árgæð 1995, 7.000 l tankur, Ziegler-dæla.
- Laugar: MAN 332, 4x4, árgæð 1970, 9.000 l tankur, Sigmund-dæla.
- Fjarðabyggð: Scania Vabis, 4x2, árgæð 1981, 11.000 l tankur, Ziegler-dæla.
- Fáskrúðsfjörður: MAN 19 292, 6x4, árgæð 1987, 14.000 l tankur, Angus-dæla.
- Selfoss: Mercedes Benz 1835, 4x4, árgæð 1991, 8.800 l tankur, Climax-dæla.

Körfubílar

- Akureyri: Volvo, árgæð 1983, 4x4, Bronto Skylift.
- Akranes: Scania Vabis, árgæð 1977, 4x2, Bronto Skylift.
- Suðurnes: Volvo, árgæð 1981, 4x2, Bronto Skylift.
- Siglufjörður: Volvo N 86, 4x2, árgæð 1969 (keyptur frá Akureyri).

Tækjabílar

- Þórshöfn: Ford Econoline 4x4.
- Egilsstaðir: Ford Pick-up 4x4.
- Fjarðabyggð: Ford Econoline 4x4.



Slökkvilið Akureyrar festi kaup á Volvo körfubíl í fyrra.

Bedfordarnir týna tölunni



Það heyrir til algjörra undantekninga að íslensk slökkvilið noti gamlan Bedford sem fyrsta bíl en þessir gömlu jálkar eru þó enn víða til taks sem varabílar. Alls eru nú eftir 37 Bedfordar af þeim 68 sem fluttir voru inn snemma á áttunda áratugnum. Nokkrir þeirra eru í geymslu og á sumu er litið sem safngripi.

Innflutningur Bedfordanna var liður í átaki í brunamálum sem Brunamálastofnun stóð að ásamt Innkaupastofnun ríkisins. Bedfordarnir eru allir skráðir árgærd 1962. Þeir voru smíðaðir fyrir almannavarnir Bretlands, meðal annars til notkunar á rústasvæðum, og voru keyptir hingað til lands á hagstæðu verði. Á þessum

tíma var víða ófremdarástand hvað varðar tækjabúnað slökkviliða hérlendis og höfðu mörg slökkvilið þá aðeins yfir að ráða dælu á vagni. Bedfordarnir eru allir búnir afkastamiklum vatnsdælum.

Brunamálastofnun hefur einn Bedford í geymslu en gangfærir bílar af þessari gerð eru enn til á eftirfarandi stöðum:

Akranes	Ysta Fell (safn)
Hvalfjarðarströnd (ólústöðin)	Þórshöfn
Borgarfjarðardalur	Vopnafjörður
Stykkishólmur	Borgarfjörður eystri
Grundarfjörður	Egilsstaðir
Patreksfjörður	Seyðisfjörður
Tálknafjörður	Mjóifjörður
Bíldudalur	Reyðarfjörður
Flateyri	Eskifjörður
Suðureyri	Stöðvarfjörður
Ísafjörður	Breiðdalsvík
Bolungarvík	Djúpvogur
Hólmavík	Höfn
Skagaströnd (í geymslu)	Kirkjubæjarklaustur
Ólafsfjörður	Flúðir
Dalvík	Laugarvatn
Hrísey	Biskupstungnahreppur
Grenivík (í geymslu)	Sandgerði

Nýjungar í starfi Brunamálaskólans

Mikil vinna var lögð í það á síðasta ári að þróa nýja námsvísa, námsefni og kennsluefni fyrir Brunamálaskólann í samræmi við reglugerð um Brunamálaskólann og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna sem gekk í gildi í október 2001. Skyldubundið nám slökkviliðsmanna eykst verulega með tilkomu reglugerðarinnar, þó einkum nám atvinnuslökkviliðsmanna sem aukist hefur um helming. Þróunarvinna síðasta árs skilar sér í starfi skólans á þessu ári og þeim næstu.

Brunamálaskólinn hefur verið starfræktur á vegum Brunamálaföfnunar frá stofnun hans árið 1994. Hlutverk hans er að veita slökkviliðsmönnum og eldvarnaeftirlitsmönnum um allt land þá menntun, starfsþjálfun og endurmenntun sem nauðsynleg er vegna starfa þeirra. Markmið skólans er að vera öflugur, nútímalegur skóli sem veitir slökkviliðs- og eldvarnaeftirlitsmönnum vandaða menntun. Fyrirhugað er að koma upp fjarkennsluneti auk núverandi starfsemi sem felst einkum í námskeiðum sem haldin eru víða um land.

Skólinn hélt 20 námskeið fyrir 266 slökkviliðsmenn í öllum landshlutum árið 2002. Þar af voru 42 atvinnumenn og 224 hlutastarfandi slökkviliðsmenn. Stuðst er við innlent námsefni auk efnis frá öðrum Norðurlöndum og Bandaríkjunum á námskeiðum skólans.

Nýr skólastjóri



Elísabet Pálmadóttir efnaverkfræðingur var ráðin í starf skólastjóra Brunamálaskólans í árslok 2002. Hún hefur víðtæka menntun og mikla starfsreynslu á sviði efnifræði og gerð áhættugreininga, öryggisáætlana og gæðahandbóka. Elísabet tók við af Guðmundi Haraldssyni sem hafði gegnt stöðu skólastjóra frá því skólinn tók til starfa árið 1994. Hann starfar áfram sem sérfræðingur hjá Brunamálaföfnun.

Elísabet er efnaverkfræðingur MSc. frá Norges Tekniske Høgskole. Að námi loknu starfaði hún á verkfræðistofunni

Safetec í Noregi með áhættugreiningu og áhættumat vegna bruna og sprenginga sem sérsvið. Elísabet hefur starfað sem framkvæmdastjóri og verkefnisstjóri hjá Eski ehf., var verkefnisstjóri hjá Hönnun hf. um árabíl og gæðastjóri Vatnsveitu Reykjavíkur.

Hún hefur einnig stundað sjálfstæðan rekstur með gæðastjórnun og öryggis- og umhverfismál sem sérsvið. Elísabet hefur gefið út fjölda fræðigreina og rita. Hún hefur meðal annars gert námsefni fyrir námskeið um áhættu-, neyðar- og öryggisstjórnun í rekstri fyrirtækja og haft umsjón með námskeiðum um þetta efni á vegum Endurmenntunarföfnunar Háskóla Íslands.

Skólaráð

Priggja manna skólaráð er Brunamálaföfnun til ráðgjafar um málefni og rekstur Brunamálaskólans. Það ber ábyrgð á starfsemi skólans gagnvart brunamálafjöðra en skólastjóri fer með daglegan rekstur í umboði ráðsins og annast nauðsynlega kynningu á starfsemi. Skólaráð er þannig skipað:

- **Þorbergur Hauksson**, slökkviliðsstjóri í Fjarðabyggð, formaður, skipaður af ráðherra.
- **Hrólfur Jónsson**, slökkviliðsstjóri SHS, tilnefndur af Sambandi Íslenskra sveitarfélaga.
- **Björn Gíslason**, framkvæmdastjóri SHS fasteigna ehf., tilnefndur af Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

Farskólinn

Farskóli Brunamálaskólans heimsótti 58 staði og skipulagði æfingar með nýjum yfirtendrunargámi stofnunarinnar. Alls tóku 1.056 menn þátt í æfingunum. Aðrir æfingagámar stofnunarinnar voru notaðir á 20 námskeiðum Brunamálaskólans vítt og breitt um landið. Slysavarnaskóli sjómanna fékk tvisvar sinnum afnot af yfirtendrunargáminum vegna námskeiða fyrir Stýrimannaskólann og SHS notaði gáminn einnig á námskeiðum.

Þrjú yfirgefin íbúðarhús voru brennd niður í æfingaskyni með þátttöku nágrennaslökkviliða á Bakkafirði, við Siglunes á Barðaströnd og í Reykjadal í Þingeyjarsýslu.

Úthlutanir úr Fræðslusjóði brunamála 2002

Slökkvilið Akureyrar	200.000 kr.	Námskeið fyrir yfirmenn
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins	680.000 kr.	Námskeið fyrir yfirmenn
Brunavarnir Suðurnesja	100.000 kr.	Uppbygging þjálfunarsvæða
Slökkvilið Ísafjarðarbæjar	600.000 kr.	Námskeið fyrir yfirmenn
Brunavarnir á Héraði	400.000 kr.	Námskeið fyrir yfirmenn
Brunavarnir A-Húnavatnssýslu	200.000 kr.	Námskeið fyrir yfirmenn
Brunavarnir Skagafjarðar	400.000 kr.	Námskeið fyrir yfirmenn
Slökkvilið Fáskrúðsfjarðar	400.000 kr.	Námskeið fyrir yfirmenn
Slökkvilið Grundarfjarðar	200.000 kr.	Námskeið fyrir yfirmenn
Smærri styrkir til slökkviliða	280.000 kr.	
Alls: 3.460.000 kr.		



Nokkrar senur úr forvarnamyndinni Úr dagbók slökkviliðsins.

Þá var rætt við yfirvöld á hverjum stað um endurnýjun tækjabúnaðar og fleira sem snertir brunamál. Sendar voru skýrslur til viðkomandi sveitarstjórna og slökkviliðsstjóra þar sem dregnar voru saman ályktanir um ástand slökkviliða og tækjabúnaðar þeirra og gerðar voru kröfur um úrbætur þar sem það átti við. Gerðar voru viðbótarmælingar á brunahönum níu sveitarfélaga. Mæld var samsetning lofts frá loftþjöppum slökkviliða sem eiga þær. Á fimm stöðum reyndist ástandið óviðunandi vegna of mikils CO₂ og/eða raka. Ekki var þó um alvarlegar bilanir að ræða.

Fræðslusjóður brunamála

Tæplega þremur og hálfri milljón króna var úthlutað úr Fræðslusjóði brunamála 2002. Styrkirnir runnu til slökkviliða vegna námskeiða fyrir starfsmenn, einkum yfirmenn. Brunamálstofnun annast úthlutun styrkja að fenginni umsögn brunamálaráðs.

Ráðstefna slökkviliðsstjóra

Slökkviliðsstjórar landsins fjölmenntu á árlega ráðstefnu Brunamálstofnunar sem haldin var á Hótel Loftleiðum dagana 10. og 11. maí 2002. Fjöl margir innlendir og erlendir sérfræðingar héldu erindi á ráðstefnunni. Tveir erlendir gestir tóku þátt. Marcus Larson frá slökkviliðinu í Stokkhólmi fjallaði um brunavarnaáætlanir í stórborg. Bandaríski sérfræðingurinn

Gene Carlson ræddi um kynningu á fræðsluefni vegna viðbragða við mengunarslysum og hélt auk þess fyrirlestur um hryðjuverkin í New York 11. september 2001. Óskar Óskarsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Skagafjarðar, ræddi um brunavarnaáætlun eigin liðs, Inga Hersteinsdóttir verkfræðingur fjallaði um eigið eldvarnaeftirlit fyrirtækja, miðlægur gagnagrunnur fyrir útkallsskýrslur slökkviliða var kynntur, fjallað var um nýja námsvísa fyrir slökkviliðsmenn og vinnuferla við stjórnun reykköfunar svo nokkuð sé nefnt.

Úr dagbók slökkviliðsins

Brunamálstofnun, Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna stóðu sameiginlega að gerð leikinnar myndar til þess að efla forvarnir gegn eldsvoðum á heimilum. Myndin nefnist Úr dagbók slökkviliðsins og var sýnd í Sjónvarpinu á aðventunni 2002 við ágætar undirtektir. Samið var við fyrirtækið Glysgirni um gerð myndarinnar og var kostnaður við gerð hennar um fjórar milljónir króna. Myndin kemur að góðun notum í árlegri Eldvarnaviku Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og er þá sýnd nemendum allra 3. bekkja grunnskóla landsins. Auk heildarútgáfu myndarinnar, sem tekur um tíu mínútur í sýningu, er fyrirhugað að gera styttri útgáfur með einstökum atriðum myndarinnar.

Eigna- og manntjón yfir meðaltali



Eldsvoðinn við Laugaveg í október 2002 olli miklu tjóni á eignum.

Eignatjón vegna eldsvoða var samtals 1.522 milljónir króna árið 2002 en hefur verið að meðaltali um 941 milljónir króna á ári frá 1981 (verðlag 1. júlí 2002). Eignatjón hefur tvisvar sinnum verið meira á einu ári síðan 1981 miðað við verðlag 1. júlí 2002. Árið 2000 varð tjón vegna eldsvoða um 2.300 milljónir króna og árið 1989 varð tjón sem nemur 1.930 milljónum. Í báðum tilvikum skýrist mikið tjón af stórum einstökum brunum. Árið 1989 urðu tveir stórir brunar, annars vegar í Krossanesverksmiðjunni á Akureyri og hins vegar að Réttarhálsi 2 í Reykjavík. Brunni Ísfélags Vestmannaeyja skýrir að miklu leyti hið mikla eignatjón sem varð árið 2000.


Ljóst er að eignatjón hefur farið vaxandi á síðustu árum í takti við meiri eignamyndun í landinu. Árlegt eignatjón hefur verið að meðaltali mun meira síðan 1996 en á þremur fimm ára tímabilum þar á undan. Brunatjón hér á landi er þó svipað eða minna en í ýmsum nálægum löndum sé tekið mið af vergrri landsframleiðslu. Tjónið í fyrra nam 0,197 prósent af vergrri landsframleiðslu en 0,202 prósent árið 2001 og 0,301 prósent árið 2000. Brunabótamat allra fasteigna á Íslandi er 2.213.671 milljónir króna. Bætt brunatjón árið 2002 er 0,687 prómill af þeirri fjárhæð.

Mest eignatjón í Fákafensbruninum

Mest eignatjón í eldsvoða árið 2002 varð þegar eldur kom upp í kjallaranum í Fákafeni 9 í Reykjavík 7. ágúst. Áætlað er að

tjónið nemi alls um 211 milljónum króna. Laugavegsbruninn 19. október fylgdi fast á hæla honum og olli áætluðu tjóni uppá 154 milljónir króna á fasteignum og lausafé. Aðrir eldsvoðar ollu mun minna eignatjóni en þó var í nokkrum tilvikum um að ræða tjón sem hleypur á tugum milljóna króna.

Hjón og ungur sonur þeirra létu lífið í eldsvoða í íbúðarhúsi á Þingeyri í ársbyrjun 2002 og þarf að leita allt aftur til ársins





Starfsmenn forvarnadeildar SHS litast um í Fákafeni 9 eftir eldsvoðann.

1988 til þess að finna meira manntjón í eldsvoðum hér á landi. Ljóst er þó að manntjón vegna eldsvoða er að jafnaði mun minna hér á landi en í nálægum löndum sé miðað við hverja 100 þúsund íbúa eða innan við einn einstaklingur á ári að meðaltali. Karlar hafa verið í miklum meirihluta þeirra sem farast í eldsvoðum eða nær átta af hverjum tíu.

Skýrslur um eldsvoða og brunatjón

Brunamálastofnun gefur árlega út skýrslu um orsakir og afleiðingar eldsvoða og ber tryggingafélögunum að senda stofnuninni upplýsingar um bætt tjón af völdum bruna og mengunaróhappa í landinu. Engar upplýsingar um hið síðarnefnda hafa þó borist Brunamálastofnun enn sem komið er.

Brunamálastofnun gefur jafnframt út skýrslur um málsatvik í einstökum brunum og komu þrjár slíkar skýrslur út á síðasta ári. Stofnunin gaf út sérstaka skýrslu um eldsvoðann við Aðalstræti á Þingeyri aðfaranótt 4. janúar 2002 þar sem þrír létu lífið sem fyrr segir. Í öðru lagi var gefin út skýrsla um brunann að Súluhöfða 23 í Mosfellsbæ 18. júní 2002 en þar geryðilagðist innflutt einingahús í eldi og má rekja tjónið að mestu



Einbýlishúsið að Súluhöfða 23 í Mosfellsbæ gjöreyðilagðist í eldi 18. júní 2002.

leyti til ófullnægjandi frágangs og byggingarefna. Í þriðja lagi var gefin út endurskoðuð stórbunaskýrsla um brunann í Ísfélagi Vestmannaeyja í desember 2000. Unnið er að gerð skýrslu um eldsvoðann í Fákafeni 9 miðvikudaginn 7. ágúst 2002.



Verksummerki eftir brunann á Laugavegi.

The Iceland Fire Authority – Annual Report 2002

The Iceland Fire Authority is an institute of knowledge, coordination, supervision and administration, working with and for the central public authorities, the fire brigades, the general public and other interested parties, on consultation, supervision, and reforms in the field of fire protection. The Authority represents Iceland in international collaboration in the field of fire protection.

Diverse tasks in accordance with the law

The Iceland Fire Authority operates in accordance with the new laws on fire protection, which were introduced at the beginning of 2001. The principal tasks of the Authority are:

- to supervise the implementation of the laws, and of the regulations set forth thereby;
- to supervise fire protection inspections and fire fighting in local communities, to ensure coordinated supervision and effective fire fighting;
- to attend to the introduction and instruction of the general public and of fire brigades and of those who work on designing buildings for fire safety;
- to offer advice to building authorities on fire protection in buildings and on the fire safety of merchandise;
- to approve service and inspection parties for fire protection, and for the fire protection plans of local authorities;
- to check the fire safety design for new buildings, extensions and alterations of structures, which the fire chief or local building authority refers to the institute,
- to monitor and, depending on circumstances, to conduct independent research in the field of fire protection, along with writing an annual report on the causes and effects of fires,
- to monitor advancements and innovations in the field of fire protection and make proposals to the Ministry on changes of regulations, as occasion demands.

The Iceland Fire Authority is at the same time obliged to work on the coordination of fire protection in Iceland and to promote cooperation between those who work on fire protection. The Authority shall, with independent observations and appraisals, instruct local authorities on the requirements for fire protection inspections and fire brigades.

Administration of fire services

The Minister for the Environment is in charge of fire protection affairs. The Minister appoints the Director of the Iceland Fire Authority every five years. He handles the daily management and operation of the Authority and hires its employees. He is responsible to the Minister for its operation. Dr Björn Karlsson was appointed Director of the Iceland Fire Authority from 1 January 2001. There were eleven salaried employees of the Iceland Fire Authority on 31 December 2001. The Authority also pays for the services of consultants for particular projects. The Minister for the Environment appoints the Iceland Fire Authority Council for a term of four years at a time. The Council gives the Iceland Fire Authority

technical advice. The Chairman of the Iceland Fire Authority Council is Drífa Sigfúsdóttir.

Review of internal operations

In response to increased requirements by central public authorities for effective and cost-efficient operations of government bodies, and owing to various innovations regarding such activities, much work has been invested in recent months in the review of the Iceland Fire Authority's internal operations. This review covers several factors of the Authority's internal processes: strategic planning, human resources policy, an equality plan, the preparation of a staff manual, the interpretation of process-analysis data, job descriptions, etc. In relation to the Authority's policy formulation in 2002, the key points of its human resources policy were identified. The review of its human resources policy and of all internal activities will continue during the year 2003.

At the turn of the year 2003, the Iceland Fire Authority moved to new and more suitable premises, and introduced new telephone and fax numbers. The new facilities are a substantial improvement on the previous premises, which had housed the Authority for 17 years. Staff now have access to a spacious meeting room and excellent teaching facilities. The transfer also enables the Authority to set up its library, thereby facilitating access to its resources for visitors and employees alike. In relation to these changes, the decision was made to update the Authority's logo and the appearance of information material. Most of this work was completed last year.

Important databases put into use

The creation of a central database for fire brigades incident reports was completed last year, and a number of fire brigades have now taken the database into full use. A manual for its use was issued and presented at the annual fire chiefs conference. The database is standardised for the whole country. Each fire brigade has access to its own reports, while the Iceland Fire Authority has access to the entire database. The database will be useful for the processing of various statistical data. A central database for the notification systems of response units in Iceland was also adopted into use. The emergency telephone number service, 112, is responsible for the management of the database, which was created through the collaboration of several parties. Also, a needs analysis in relation to a planned database for fire protection inspection in Iceland was completed.

Planning of fire safety strategies

Instructions for the preparation of fire safety strategies for local authorities were issued in 2002. Such strategies are being formulated by all local authorities in Iceland in accordance with Icelandic law on fire safety. The purpose of a documented fire safety strategy is for local authorities to define the fire safety services they intend to provide as well as their response mechanisms against accidents involving hazardous materials. The goal is to facilitate organisation and to increase the transparency of fire brigades' activities to the general public in each area.



The Iceland Fire Authority took part in numerous research projects in Iceland and abroad during the year. It received a substantial research grant from the European Union to investigate the danger posed to fire fighters due to backdrafts and other hazardous phenomena. A special employee was recruited to work on the project under the guidance of experts of the Iceland Fire Authority and of the University of Iceland over a three year period. The Authority participates in a number of other research projects and provides training in fire safety for various professions of relevance in this context.

In total, the Authority worked on 330 cases incorporating design inspections. The Authority has systematically inspected the status of fire protection in buildings and recorded them on a database since 1987. It is clear that the status of fire protection has improved over the past five years. In 2002, the Authority paid particular focus to primary and lower secondary schools as well as to hotels.

The fire brigades

Sixty-one fire brigades were operating in Iceland at the end of 2002. Four of the brigades are exclusively manned by professionals, several brigades have one or more employees working full-time, but in numerous cases the fire chief controls a team of appointed fire fighters. There are about 1,600 fire fighters in Iceland, most of whom are appointed.

The new law on fire protection assumes that communities can cooperate in certain aspects of the management of fire brigades and fire protection inspections, and the authorities in fact encourage the fire services in such cooperation. A preliminary clause in the law authorises the Iceland Fire Authority to grant temporary financial support to communities which intend to be incorporated in the management of fire protection inspections and/or fire brigades. Over 30 local authorities and fire safety associations applied for grants from the Iceland Fire Authority for the preparation of reports on possible cooperation between fire brigades, among other things in relation to response mechanisms against accidents involving hazardous materials and fire protection inspection. On availability of these reports on possible cooperation or unification, the fire brigades in question can apply for grants from the Iceland Fire Authority to purchase equipment for dealing with accidents involving hazardous materials.

Seminars and education throughout the country

In 2002 the Fire Service Technical College held seminars for a total of 266 fire fighters from all over Iceland. Much work was invested in the preparation of new programmes of study, learning materials and teaching materials for the College in accordance with the new Government Regulation on the Fire Service Technical College and the Rights and Obligations of Fire Fighters. This work will start to benefit the College's operations within this year. Chemical engineer Elísabet Pálmadóttir took over the position of Principal last year from Guðmundur Haraldsson, who had served as Principal since the College started operating in 1994.

The Equipment and Training divisions of the Iceland Fire Authority visited 58 fire brigades, among other things to hold practice sessions using a new vehicle for hazardous chemicals. In total, over one thousand persons attended the practice sessions. The Authority's other training containers, a flashover container, attack container, and smoke-filled crawl container, were used in seminars throughout the country.

Fire damage on the increase

Loss of lives and property through fire was considerably above average last year. Loss of property was on average about ISK 941 million in the years 1981-2002, but last year it was about ISK 1,522 million. On average, almost two persons a year perished in fires, but three young people perished in fire last year.

It is clear that property damage has increased in recent years, in keeping with increased property formation in Iceland. Since 1996, the average level of property damage per year has become much higher than during the three preceding five-year periods. However, fire damage in Iceland is similar or less than in many neighbouring countries when account is taken of gross domestic production (GDP). Last year's overall fire damage amounted to 0.197 % of GDP, compared to 0.202 % in 2001 and 0.301 % in 2000. The fire insurance valuation of all real property in Iceland totals ISK 2,213,671 million. Compensation paid in respect of fire insurance in 2002 corresponded to 0.687 thousandth of this amount.

Rekstrarreikningur ársins 2002

	2002	2001
Tekjur		
Brunavarnargjald	144.330.603	140.273.061
Ýmsar tekjur	<u>5.588.492</u>	<u>3.044.283</u>
	<u>149.919.095</u>	<u>143.317.344</u>
Gjöld		
Launagjöld	50.024.471	45.509.675
Starfstengdur kostnaður	13.199.085	11.496.852
Sérfræðipjónusta og ýmis þjónusta	30.910.804	29.108.130
Húsnæðiskostnaður	9.447.165	8.869.694
Annar rekstrarkostnaður	13.639.547	10.299.913
Tilfærslur	<u>3.915.000</u>	<u>10.749.910</u>
	121.136.072	116.034.174
Eignakaup	<u>6.757.811</u>	<u>4.817.370</u>
	<u>127.893.883</u>	<u>120.851.544</u>
Tekjuafgangur (-halli) fyrir fjármagnsliði	22.025.212	22.465.800
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	<u>3.454.607</u>	<u>5.858.008</u>
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins	<u>25.479.819</u>	<u>28.323.808</u>

Sjóðstreymi ársins 2002

	2002	2001
Rekstrarhreyfingar		
Veltufé frá rekstri		
Tekjuafgangur (halli)	<u>25.479.819</u>	<u>28.323.808</u>
Veltufé frá rekstri	<u>25.479.819</u>	<u>28.323.808</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		
Birgðir (hækkun)	3.576.460	-
Skammtímaskuldir, (hækkun)	(1.613.074)	1.103.476
Skammtímaskuldir, (lækkun)	<u>1.843.553</u>	<u>(917.607)</u>
	<u>3.806.939</u>	<u>185.869</u>
Handbært fé frá rekstri	<u>29.286.758</u>	<u>28.509.677</u>
Fjármögnunarhreyfingar:		
Breytingar á stöðu við ríkissjóð		
Framlag ríkissjóðs	-	-
Greitt úr ríkissjóði	<u>(22.105.642)</u>	<u>(21.678.573)</u>
Fjármögnunarhreyfingar	<u>(22.105.642)</u>	<u>(21.678.573)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	7.181.116	6.831.104
Handbært fé í ársbyrjun	<u>50.275.116</u>	<u>43.444.012</u>
Handbært fé í lok ársins	<u>57.456.232</u>	<u>50.275.116</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2002

	2002	2001
Eignir		
Veltufjármunir		
Ríkissjóður	128.930.660	106.825.018
Birgðir	363.406	3.939.866
Skammtímaskuldir	16.968.539	15.355.465
Handbært fé	<u>57.456.232</u>	<u>50.275.116</u>
Eignir alls	<u>203.718.837</u>	<u>176.395.465</u>
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Höfuðstóll í ársbyrjun	157.374.565	129.050.757
Tekjuafgangur (-halli) ársins	<u>25.479.819</u>	<u>28.323.808</u>
	<u>157.374.565</u>	<u>129.050.757</u>
Annað eigið fé		
Eigið fé vegna markaðra tekna	<u>14.278.439</u>	<u>14.278.439</u>
	<u>14.278.439</u>	<u>14.278.439</u>
Eigið fé	<u>197.132.823</u>	<u>171.653.004</u>
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Skammtímaskuldir	<u>6.586.014</u>	<u>4.742.461</u>
Skuldir	<u>6.586.014</u>	<u>4.742.461</u>
Eigið fé og skuldir	<u>203.718.837</u>	<u>176.395.465</u>

Áritun endurskoðanda

Til Brunamálastofnunar

Við höfum endurskoðað ársreikning Brunamálastofnunar fyrir árið 2002. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum Brunamálastofnunar og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun og góða endurskoðunarvenju en í því felst m.a.:

- að sannreyna að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyriræli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á og
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi ef þær eru birtar með ársreikningi.

Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild og gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Brunamálastofnunar á árinu 2002, efnahag 31. desember 2002 og breytingu á handbæru fé á árinu 2002 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta stofnanir.

Ríkisendurskoðun, 11. júlí 2003

Sigurður Þórðarson
ríkisendurskoðandi

Sigurjón I. Haraldsson



Líf, heilsa,
umhverfi og eignir

Brunamálastofnun er þekkingar-, samræmingar-, eftirlits- og stjórnsýsluaðili sem vinnur með og fyrir stjórnvöld, slökkvilið, almenning og aðra hagsmunaaðila að ráðgjöf, eftirliti og umbótum á sviði brunavarna. Þá er stofnunin í fyrirsvari fyrir Íslands hönd í erlendu samstarfi á sviði brunavarna.

Brunavarnir lúta að lífi, heilsu, umhverfi og eignum og eru þannig mikilvægur öryggisþáttur sem á þátt í mótun búsetuskilyrða og hafa meðal annars áhrif á jafnvægi byggðar í landinu.

Brunamálastofnun leitast við að auka og beita til fullnustu þekkingu og reynslu starfsmanna stofnunarinnar í þágu brunavarna á Íslandi.

Brunamálastofnun er hlekkur í velferðarkerfi íslensks samfélags og nýtir stofnunin þá fjármuni sem henni er falið að ráðstafa til forvarna og hagsbóta fyrir hagsmunaaðila.